

Fyrirspurn

til sjávarútvegsráðherra um veiðar og rannsóknir á túnfiski.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða rannsóknir hafa Íslendingar gert á bláuggatúnfiski frá 1996 og hvað hafa þær kostað?
2. Benda rannsóknirnar til þess að líklegt sé að túnfisksveiðar gætu orðið arðvænlegar fyrir íslenskar útgerðir?
3. Hafa rannsóknirnar leitt í ljós hvað veldur mismiklum göngum bláuggatúnfisks inn í íslensku efnahagslögsöguna? Er t.d. líklegt að hækkandi hitastig sjávar auki túnfisks-gengd innan lögsögunnar?
4. Hafa Íslendingar fengið kvóta með aðild sinni að Alþjóðatúnfisksveiðiráðinu og ef svo er, hvernig hafa þeir nýtt sér hann?